

STJÓRNARTÍÐINDI B 110 – 2001

16. október 2001

2455

Nr. 783

REGLUGERÐ

um (2.) breytingu á reglugerð nr. 301/1995 um eftirlit með sáðvöru.

1. gr.

26. gr. reglugerðarinnar um þóknun orðist svo:

Til að standa straum af kostnaði við rekstur aðfangaeftirlitsins skv. reglugerð þessari skal innheimta eftirlitsgjald sem skal vera 2,5% af innflutningsverði (c.i.f.) vöru sem reglugerðin gildir um, sem innheimt skal við tollafgreiðslu vörunnar og 2,5% af söluverði innlendarar vöru (án vsk) sem reglugerðin gildir um, sem innheimt skal tvisvar á ári samkvæmt söluskýrslum framleiðenda, á eyðublöðum aðfangaeftirlitsins. Gjald dagar eftirlitsgjalds skulu vera 1. mars fyrir tímabilið 1. júlí til 31. desember árið á undan og 1. september fyrir tímabilið 1. janúar til 30. júní viðkomandi ár, ár hvert. Sé gjaldið ekki greitt innan mánaðar frá gjalddaga skal reikna mánaðarlega dráttarvexti af því sem gjaldfallið er og eru dráttarvextir hinir sömu og hjá innlánsstofnunum samkvæmt auglýsingu Seðlabanka Íslands. Eftirlitsgjald má taka fjárnámi.

Standi framleiðandi ekki skil á upplýsingum sem nauðsynlegar eru til álagningar eftirlitsgjalds eða gögn um gjaldskylda vöru eru ófullnægjandi að mati aðfangaeftirlitsins er heimilt að áætla gjaldið og innheimta það samkvæmt þeirri áætlun. Aðfangaeftirlitið skal skriflega tilkynna greiðanda gjaldsins um áætlunina. Telji greiðandi áætlunina ranga, getur hann innan tuttugu daga frá og með póstsendingardegi tilkynningarinnar um áætlun gjaldsins, krafist þess skriflega að aðfangaeftirlitið taki áætlunina til endurskoðunar. Skal sú krafa rökstudd með söluskrá eða öðrum nauðsynlegum gögnum. Aðfangaeftirlitið skal innan eins mánaðar frá lokum þessa frests gera greiðanda skriflega grein fyrir afgreiðslu á kröfu hans. Heimilt er greiðanda að skjóta lokaafgreiðslu aðfangaeftirlitsins til landbúnaðarráðherra og skal skrifleg og rökstudd beiðni þar um hafa borist ráðherra innan þriggja mánaða frá móttöku bréfs aðfangaeftirlitsins. Beiðni um endurskoðun á áætlun gjaldsins eða deila um gjaldskyldu frestar ekki eindaga eftirlitsgjaldsins, né leysir undan neinum viðurlögum sem lögð eru við vangreiðslu þess. Ef gjaldið er lækkað samkvæmt afgreiðslu aðfangaeftirlits eða úrskurði ráðherra skal endurgreiðsla þegar fara fram.

Landbúnaðarráðherra gefur út gjaldskrá fyrir aðfangaeftirlitið þar sem m.a. er kveðið á um gjöld vegna sértæks eftirlits.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í lögum nr. 22 frá 29. mars 1994 um eftirlit með fóðri, áburði og sáðvöru og öðlast gildi 1. janúar 2002.

Landbúnaðarráðuneytinu, 16. október 2001.

Guðni Ágústsson.

Ingibjörg Ólöf Vilhjálmisdóttir.

REGLUGERÐ

um fljótandi eldsneyti.

1. gr.

Markmið.

Markmið reglugerðar þessarar er að draga úr hugsanlegum skaðlegum áhrifum eldsneytis, sem notað er í ökutæki, fyrir iðnað, húshitun, skip, vélar og tæki, á heilsu fólks og umhverfi.

2. gr.

Gildissvið.

Reglugerð þessi gildir um eldsneyti til notkunar í ökutæki, vinnuvélar, skip og önnur tæki sem búnin eru rafkveikju- eða þrýstikveikjuhreyflum, auk eldsneytis til nota í iðnaði og til hitunar.

Reglugerð þessi gildir einnig um metanól sem eldsneyti fyrir flugför og flugmódel.

Reglugerð þessi gildir ekki um eldsneyti sem ætlað er til nota í siglingum milli landa, á flugvélar og í hernaði.

3. gr.

Skilgreiningar.

Bensín: Allar rokgjarnar olíur sem ætlaðar eru til þess að knýja rafkveikjuhreyfla sem notaðir eru í hvers konar tæki og búnað annan en flugvélar.

Gasolía: Eldsneyti sem unnið er úr jarðolíu og sem tilheyrir millieimingarsviði þar sem a.m.k. 85% af rúmmáli eimast við 350°C skv. ASTM D86. Gasolía skiptist í:

- Bílagasolía (díselolíu): Gasolía, sem einkum er ætluð fyrir sjálfknúin ökutæki sem um getur í tilskipunum 70/220/EBE og 88/77/EBE, sbr. reglugerð um gerð og búnað ökutækja. Gasolía sem er ætluð til nota á færanlegar vinnuvélar sem ætlaðar eru til nota utan vegar.
- Skipagasolía: Gasolía, sem einkum er ætluð fyrir skip og báta.
- Aðra gasolía: Gasolía, sem ætluð er til annarra nota en í a. og b., s.s. til hitunar eða í iðnaði.

Svartolía: Eldsneyti sem er ætlað til nota í skipum og föstum brennslustöðvum á landi. Eldsneyti sem unnið er úr jarðolíu, annað en gasolía, og sem flokkast sem þungar olíur á grundvelli eimingarsviðis og þar sem minna en 65% af rúmmáli eimast við 250°C skv. ASTM D86. Ef ekki er mögulegt að ákvarða eimingarhlutfall fellur eldsneytið einnig undir þennan flokk.